

---

# REGLUGERÐ KLÍ UM VENSLASAMNING LIÐA

---

## 1. grein

Venslasamningur liða felur það í sér að tvö lið innan sama félags gera samning sín á milli um að þau geti skipst á leikmönnum á því tímabili sem samningurinn kveður á um. Eftir að slíkur samningur tekur gildi verða leikmenn hlutgengir með báðum liðum og mega því taka þátt í leikjum beggja liða í tilteknum mótum á viðkomandi keppnistímabili.

## 2. grein

Hverju liði er aðeins heimilt að gera einn venslasamning á hverju tímabili. Hægt er að gera venslasamning frá því að skráningu liða til keppni í Íslandsmót liða lýkur til og með 31. janúar. Frá 1. febrúar og til loka keppnistímabils er lokað fyrir gerð venslasamninga. Skráningargjald vegna venslasamninga skal ákveðið af stjórn KLÍ fyrir hvert tímabil.

## 3. grein

Tvær gerðir venslasamninga er í boði og eru mismunandi kvaðir og

- a) Fullur venslasamningur  
Lið sem gera fullan venslasamning sín á milli mega ekki leika í sömu deild í Íslandsmóti liða og verða að vera af sama kyni. Lið í efri deild er kallað lið A og lið í neðri deild er kallað lið V
- b) Venslasamningur vegna deildarbikars  
Lið sem gera venslasamning vegna deildarbikars mega leika í sömu deild og vera af sithvoru kyni. Það er liðanna að velja hvort lið er kallað lið A og V.

## 4. grein

Gildistími venslasamnings er til loka þess keppnistímabils sem hann er gerður og skal samningur ekki taka gildi fyrir en hann hefur verið formlega staðfestur af KLÍ. Skal fyrirliðum liða A og V sem og stjórn félags þeirra liða send staðfesting þess efnis.

## 5. grein

Venslasamningur gildir í **Íslandsmóti liða** skv. eftirtöldum ákvæðum.

- a) Aðeins fullur venslasamningur gildir fyrir Íslandsmót liða.
- b) Allir löglegir leikmenn liða A og V heyra undir venslasamninginn og hafa rétt á að færast á milli liðanna, að því undanskildu að þeir tveir leikmenn, hvort sem þeir eru skráðir í lið A eða V, sem leikjahæstir eru með liði A, mega ekki leika með liði V. Komi fleiri en tveir leikmenn til greina skal nota hærra meðaltal til ákvörðunar um hver ekki megi leika með liði V. Ef leikmaður hefur ekki leikið í þrjár leikvikur eða meira, en er samt einn af tveimur leikja- eða meðaltalshæstu leikmönnum liðs A skv. fyrrnefndu, má hann leika eina umferð með liði V í þeirri leikviku þegar hann hefur leik í deildarkeppni KLÍ aftur.
- c) Leikmaður má ekki spila með báðum liðum í sömu leikviku í deildarkeppni. Leikvika hefst á þriðjudegi og lýkur á mánudegi.
- d) Leikmaður á rétt á einstaklingsverðlaunum í þeirri deild þar sem hann hefur leikið fleiri leiki, að uppfylltum öðrum skilyrðum um verðlaun í deildum.
- e) Verði leikmaður uppvis að því að brjóta ofangreindar reglur dæmist skor hans að engu, og leikur þess liðs sem hann lék með síðar í leikvikunni telst því liði tapaður með fullu húsi stiga.

## 6. grein

Venslasamningur gildir í **Deildarbikar** skv. eftirtöldum ákvæðum.

- a) Venslasamningur gildir í Deildarbikar ef annað liða A og V er skráð til keppni. Eru þá allir leikmenn liða A og V hlutgengir með því liði sem skráð er til keppni í öllum umferðum, óháð takmörkunum vegna leikja í Íslandsmóti liða.
- b) Ef bæði lið A og V eru skráð til keppni í Deildarbikar, eru aðeins leikmenn sem skráðir eru í viðkomandi lið hlutgengir með sínu liði.

#### **7. grein**

Venslasamningur gildir ekki í öðrum liðakeppnum á vegum KLÍ, þar með talið en ekki ein-skorðað við Bikarkeppni KLÍ.

#### **8. grein**

Lið sem brýtur gegn reglum þessum getur verið svipt venslamningi og misst réttinn á venslasamningi á næsta keppnistímabili.

#### **9. grein**

Aganefnd KLÍ fjallar um brot á reglugerð þessari.

*Samþykkt af stjórn KLÍ í sseptember 2006*